

AUGLÝSING

um váttryggingarfjárhæðir samkvæmt reglugerð um löggildingu og tryggingarskyldu fasteigna- og skipasala nr. 520/1987.

Váttryggingarfjárhæðir samkvæmt 3. gr. reglugerðar nr. 520/1987 skulu vera sem hér segir tímabilið 1. desember 1989 til 30. nóvember 1990:

1. Ábyrgðartrygging vegna hvers einstaks tjónsatviks verður kr. 3.608.165,00 en þó aldrei hærra en kr. 10.824.496,00 innan hvers váttryggingarárs.
2. Sjálfskuldarábyrgðartrygging verður kr. 4.329.798,00.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 1. febrúar 1990.

Óli Þ. Guðbjartsson.

Jón Thors.

6. febrúar 1990

Nr. 78

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á frystri, skelflettri rækju á framleiðslutímabilinu frá 1. febrúar 1990 til 31. maí 1990.

Með skírskotun til laga nr. 72, 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á frystri skelflettri rækju á framleiðslutímabilinu frá 1. febrúar 1990 til 31. maí 1990.

Vélskelflett rækja:	SDR pr. lb. cif.
Færri en 350 stk. í lb.:	
Blokkfryst	3,48
5×2 kg og 4×2,5 kg vatnshúðuð, sérfryst	3,49
5×2 kg og 4×2,5 kg óvatnshúðuð, sérfryst	3,64
500 gr vatnshúðuð, sérfryst	4,04
200 gr vatnshúðuð, sérfryst	4,25
Fleiri en 350 stk. í lb. og öflokkuð:	
Blokkfryst	3,31
5×2 kg og 4×2,5 kg vatnshúðuð, sérfryst	3,32
5×2 kg og 4×2,5 kg óvatnshúðuð, sérfryst	3,49
500 gr vatnshúðuð, sérfryst	3,85
200 gr vatnshúðuð, sérfryst	4,04

Verðbil verður 5%.

Greiðslur í sjóðinn eða úr miðast við 65% af verðbreytingu frá grundvallarverði að teknu tilliti til verðbils. Verðið miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það er á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 6. febrúar 1990.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Kristín Magnússon.